

í slipp hjá Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, hér í bæ, sem hefur haldsrétt í bátum vegna viðgerðarkostnaðar o. fl.

Verður niðurstaða máls þessa því sú, að krafa uppboðspola um, að bann við afhendingu bátsins verði úr gildi felld, verður ekki tekin til greina, og báturinn verður áfram í geymslu hjá skipasmíðastöðinni.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa uppboðspola um, að bann við afhendingu v/b Málmeyjar, SK 7, verði felld niður, verður ekki tekin til greina.

Priðjudaginn 23. júní 1964.

Nr. 13/1963. **Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps
f. h. hreppsins (Örn Þór hdl.)**

gegn

**Sigurði Sigurbergssyni og dánarbúi Krist-
jáns Einarssonar (Stefán Pétursson hdl.).**

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason og Einar Arnalds yfirbergardómari.

Landamerkjамál. Veiðiréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1963 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að landamerki jarðanna Hitardalsvalla og Moldbrekku verði ákveðin þannig: Fjallsbrún Fagraskógarfjalls ráði ofan í hátind Grettisbælis, og þaðan ráði lína eftir melhrygg, eins og vötnum hallar, niður að Mósteinum ofanvert við forna ferðamannavaðið við Hitará.

Varakrafa, að landamerkjum frá hátindi Grettisbælis að Mósteinum ráði bein lína.

Þá verði kveðið á um það í dómi, að eigandi veiðirétt-

inda í Hítará fyrir landi Moldbrekku eigi ekki veiðiréttindi lengra upp eftir ánni en móts við greinda Mósteina. Loks krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Jarðirnar Hítardalsvellir og Moldbrekka voru fyrrum kirkjujarðir. Með afsali 4. nóvember 1916, þinglesnu 7. júní 1917, seldi ráðherra Íslands samkvæmt heimild í lögum nr. 50/1907 ábúanda Moldbrekku, Sigurbergi Þ. Sigurðssyni, nefnda jörð. Svo er að orði kveðið í afsalinu, að undanskilið sölunni sé „vatnsaflið í Kattarfossi í Hítardalsá ásamt afnotarétti lands til hagnýtingar“ þess. Í hinum tilvitnuðu ummælum afsalsins felst fullkomin ráðagerð um það, að Moldbrekka eigi land upp fyrir Kattarfoss. Lögfestur þær, landamerkjaskrár og vætti, sem aðiljar hafa skirskotað til í máli þessu, sýna, að nokkur vafi var, hvar merkin milli kirkjujarðanna Hítardalsvalla og Moldbrekku hafa legið. Er því eigi í ljós leitt, að kaupandi Moldbrekku, Sigurbergur Þ. Sigurðsson, hafi vitað eða átt að vita, að afsal ráðherra tæki af vangá yfir sneið af landi Hítardalsvalla, sem við útgáfu afsalsins frá 4. nóvember 1916 var enn í eigu Kirkjujarðasjóðs og undir yfirstjórn ráðherra. Að svo vöxnu máli þykir nefndur Sigurbergur Þ. Sigurðsson hafa öðlazzt eignarrétt að hinu umdeilda landi og veiðirétti.

Með afsali 20. október 1920, þinglesnu 4. janúar 1933, seldi Sigurbergur Þ. Sigurðsson þeim Benedikt Sveinssyni alþingisforseta og Ólafi Eyjólffssyni stórkaupmanni „allan veiðirétt í Hítará fyrir Moldbrekkulandi til fullrar eignar og afnota allt frá landamerkjum Brúarhrauns og upp í Kattarfoss, að honum meðtöldum“. Kynntu þeir Benedikt Sveinsson og Ólafur Eyjólffsson sér áðurgreint afsal ráðherra frá 4. nóvember 1916, áður en þeir festu kaupin. Með afsali 15. maí 1941 afsalaði Benedikt Sveinsson alþingisforseti Kristjáni Einarssyni framkvæmdastjóra „veiðirétti mínum í Hítará fyrir öllu Moldbrekkulandi í Kolbeinsstaðahreppi

frá neðri landamerkjum Moldbrekku allt upp í Kattarfoss, svo sem ég varð fremst eigandi að samkvæmt þinglýstu afsalsbréfi Sigurbergs Sigurðssonar, fyrrum bónda í Moldbrekku“.

Þar sem heimildartaka Sigurbergs Þ. Sigurðssonar á hinu umþráttaða landi stenzst samkvæmt framansögðu, verða heimildir réttartaka hans þegar af þeirri ástæðu eigi ve-fengdar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýj-aða dóms.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins, greiði stefndu, Sigurði Sigurbergssyni og dánarbúi Kristjáns Einarssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

12. janúar 1963.

Mál þetta er höfðað fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu samkvæmt kröfu oddvita Kolbeinsstaðahrepps í bréfi, dags. 10. september 1960, til þess að fá ákveðin landamerki jarðanna Hítardalsvalla og Moldbrekku í Kolbeinsstaðahreppi og í því sambandi skorið úr um takmörk veiðiréttinda þeirra, sem dánarbúi Kristjáns Einarssonar á í Hítará fyrir Moldbrekkulandi. Var málið þingfest hinn 11. júní 1962, en áreið gerð á deilu-svæðið hinn 17. ágúst s. á., að framkomnum kröfum og greinar-gerðum allra aðilja. Að lokinni gagnasöfnun og vitnaleiðslum, innfærslum á uppdrætti, sáttaumleitun og munnlegum málflutn-ingi var málið því næst lagt í dóm hinn 30. október 1962. Eftir samkomulagi aðilja og dómsins var málið tekið upp aftur til frekari gagnasöfnunar og því næst flutt á ný og dómtekið hinn 12. janúar 1963. Landamerkjadóminn sátu í máli þessu þeir Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappa-

dalssýslu, ásamt meðdómendum, þeim Sigurði Ólasyni og Sveinbirni Dagfinnssyni, hæstaréttarlögmönnum í Reykjavík. Hafa þeir kveðið upp dóm þenna.

Aðiljar máls þessa eru: Kolbeinsstaðahreppur sem eigandi eyðijarðarinnar Hítardalsvalla þar í hreppi, Sigurður Sigurbergsson, verkamaður í Borgarnesi, sem eigandi jarðarinnar Moldbrekku í sama hreppi og loks dánarbú Kristjáns Einarssonar, forstjóra í Reykjavík, sem eigandi veiðiréttar í Hítará fyrir Moldbrekkulandi. Hafa aðiljar þessir mætt eða látið mæta í málinu og haft uppi eftirfarandi kröfur:

Dómkröfur Kolbeinsstaðahrepps vegna Hítardalsvalla: Að „landamerki Hítardalsvalla og Moldbrekku verði ákveðin þannig: Fjallsbrún Fagraskógarfjalls ræður ofan í hátind Grettisbælis, og þaðan ræður lína eftir melhrygg, eins og vötnum hallar, niður að Mósteinum, ofanvert við forna ferðamannavaðið við Hítará, en til vara, að landamerkjum frá hátindi Grettisbælis að Mósteinum við Hítará ráði bein lína.

Viðurkennt verði með dómi réttarins, að eigandi veiðiréttinda í Hítará fyrir landi Moldbrekku eigi ekki veiðiréttindi í Hítará lengra upp eftir ánni en móts við greinda Mósteina“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur eiganda Moldbrekku: „Að landamerki Moldbrekku og Hítardalsvalla verði ákveðin eftir fjallsbrún Fagraskógarfjalls að Egilsskarði, eftir háhrygg Egilsskarðs sjónhending í hátind Grettisbælis og þaðan sjónhending í Kattarfossbrún“. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi málshefjanda, Kolbeinsstaðahrepps, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Dánarbú Kristjáns Einarssonar gerir þær kröfur í málinu: „Aðallega að kröfur Sigurðar Sigurbergssonar verði teknar til greina og lagðar til grundvallar við dóm málsins. Til vara, að viðurkenndur verði eignarréttur dánarbúsins á veiðirétti í Hítará að vestanverðu frá neðri landamerkjum Moldbrekku í Kattarfossbrún“. Þá er f. h. dánarbúsins krafizt málskostnaðar úr hendi málshefjanda, Kolbeinsstaðahrepps.

Dómsmálaráðuneytið hefur veitt Kolbeinsstaðahreppi gjafsókn í máli þessu fyrir allt að 12 þús. króna kostnaði vegna málsins, og eiganda Moldbrekku gjafvörn, á sama hátt, takmarkaða við 6 þúsund króna kostnað. Hafa báðir aðiljar krafizt þess, að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði, svo langt sem upphæðir gjafsóknar- og gjafvarnaleyfa hrökkva til.

Eins og sjá má, er ekki ágreiningur um merkin úr fjallsbrún Fagraskógarfjalls í hátind Grettisbælis né heldur um staðsetning hans, sem merkt hefur verið af mælingarmanni inn á loftmynd, sem fram er lögð í málinu (dskj. 45). Frá hátindinum greinir aðilja hins vegar á um merkin, allt niður að Hítará. Hafa aðiljarnir látið kunnáttumann merkja kröfulínurnar inn á fyrrgreinda loftmynd, og er kröfulína Moldbrekku þar merkt A-A-A, sem einnig er aðalkrafa dánarbúsins. En kröfulína Kolbeinsstaðahrepps er auðkennd B-B-B, en til vara C-C-C á loftmyndinni.

III.

Svo sem nánar verður rakið hér á eftir, skiptir svokallað Grettisbæli löndum milli téðra jarða, Moldbrekku og Hítardalsvalla í Kolbeinsstaðahreppi. Grettisbæli er fjall allmikið, er gengur til suðurs úr Fagraskógarfjalli framanverðu, allt suður að Hítará, sem fellur þvert fyrir bælið, fyrir landi beggja jarðanna. Er Grettisbæli mestmegnis gróðurlausar sandskriður, en neðst niður við ána eru sums staðar móbergsklettar og bergmyndanir. Hátindur fjallsins mun vera hið eiginlega Grettisbæli, en aðiljar eru sammála um, að fjallið í heild heiti þessu nafni, og er við það miðað í kröfugerðum. Ofanvert við Grettisbæli eru sand- og hraunflákar miklir (Hítardalsvallaland), og fellur Hítará þar fram af hárri hraunbrún í allmiklum fossi, er Kattarfoss nefnist og kemur mjög við sögu í þessu máli. Ofan að Grettisbæli er svonefndur Bælisdalur, og er árfarvegur þaðan fram í Hítará við Bælið rétt neðan við Kattarfoss. Niður af fossinum er alldjúpur dalur („Grófin“) fyrir suðurenda Grettisbælis, en neðan við Bælið (Bælistána) er gamalt ferðamanna-vað á Hítará. Rétt ofanvert við vaðið eru móbergsklettar allmiklir, sem haldið er fram í málinu, að heiti Mósteinar, og nokkuð er að vikið í kröfugerðum og vitnaleiðslum.

Sennilegt er, að fjallið Grettisbæli sé það sama og „Sandbrekka“ í Landnámu, er skipti löndum milli Hítðæla og Kolbeinsstaðamanna, sem áttu „lönd öll millum Kaldár og Hítarár fyrir neðan Sandbrekku“. Er og í Grettissögu getið um þjóðleið undir fellinu, en bratta „sandbrekku“ . . . „fyrir ofan“. Enn fremur segir Sturlunga frá stefnufundum „undir Sandbrekku“, og ber frásögnin það með sér, að örnefni þetta sé við Hítará. Loks benda örnefnin Sandskeið og Sandengi á þessum slóðum til hins sama.

Þess má geta, að landi og landkostum skiptir mjög í tvö horn við Grettisbæli eða nánar tiltekið Kattarfossbrún, en þar hækkar landið mjög og verður upp þaðan allólíkt að eðli og kostum heldur en neðan fossins.

Hæðalínum og vatnaskilum af Grettisbæli er þannig háttað, að suður af hátindi þess er alllangur melhryggur, er síðar virðist klofna neðar eða greinast sundur í aðallega tvo hryggi eða rana, og stefnir annar niður að Hítará, nokkurn veginn um eða ofan við Kattarfoss, en hinn að ánni niður við Mósteina, sem fyrr eru nefndir. Hvor tveggja vatnaskilin liggja þó sums staðar í nokkrum beygjum. Ágreiningurinn í málinu er raunverulega um það, hvernig Grettisbæli skipti löndum milli Moldbrekku og Hítardalsvalla, eða nánar tiltekið, hvorri jörðinni tilheyri landið frá Mósteinum og upp fyrir Kattarfossbrún („Grófin“). Að því er dánarbúið snertir, styður það kröfu Moldbrekku um merki við Kattarfossbrún, en telur sig auk þess eiga sjálfstæðan eignarrétt til veiði á deilusvæðinu upp á fossbrún, hvernig sem úrslit málsins verða, að því er landamerki snertir.

Báðar umræddar jarðir, Moldbrekka og Hítardalsvellir, voru áður kirkjujarðir frá Staðarhrauni, en 1916 keypti ábúandi Moldbrekku þá jörð, en Kolbeinsstaðahreppur síðan Hítardalsvelli árið 1923. Veiðiréttur dánarbúsins var keyptur af Moldbrekku-bónda árið 1920, svo sem síðar verður nánar rakið.

IV.

Í málinu hafa verið lögð fram landamerkjabréf fyrir umræddar jarðir, enn fremur útdráttur úr gömlum sóknarlýsingum, landamerkjabréf prestsetursins Staðarhrauns, afsalsbréf fyrir Moldbrekku og fyrir Hítardalsvöllum. Hafa mörg vitni komið fyrir dóminn, enn fremur verið lögð fram nokkur vottorð að auki, sem tekin hafa verið gild sem staðfest væru, en hins vegar mótmælt af gagnaðiljum sem röngum og/eða þýðingarlausum. Verða nú gögn þessi og vætti rakin að efni til í stórum dráttum.

Í landamerkjabréfi Hítardalsvalla frá 7. febrúar 1885 segir, að milli Hítardals og Hítardalsvalla ráði Hítará „ofan að Grettisbæli“, en „milli Hítardalsvalla og Moldbrekku ræður Grettisbæli“. Bréf þetta er undirritað af þáverandi presti á Staðarhrauni, sr. Jónasi Guðmundssyni, en aðrir virðast þar ekki hafa undir skrifað.

Í landamerkjabréfi fyrir Moldbrekku, dags. sama dag, segir

um landamerkin: „Fjallsbrún ræður ofan í Grettisbæli“ og „ofan að Hítará“ Bréfið er undirritað af Staðarhraunspresti, en ekki fleirum.

Samkvæmt þessu greina merkjabréf jarðanna ekkert um það nánar, hvar eða hvernig landamerkin liggi um Grettisbæli, en þar getur skakkað allmiklu, eða allt frá Mósteinum og upp á Kattarfossbrún.

Í landamerkjálýsingu fyrir Staðarhraun, sem gerð var 1923, eftir að landamerkjabækur Mýrasýslu höfðu brunnið það ár, segir, að Staðarhraun eigi land á móti Moldbrekku austan Hítarár „upp á mótis við Grettisbæli“, en á móti Vallalandi „frá Grettisbæli og þar til ofan við Kattarfoss“. Merkjálýsing þessi er undirrituð af Stefáni Jónssyni, þáverandi presti á Staðarhrauni, og talin samin af honum, en er undirrituð af fyrirsvarsmönnum allra aðligggjandi jarða, nema Moldbrekku. Er þess og ekki getið, að merkjálýsingin sé undirrituð af hálfu Hítardalsvalla, en presturinn mun þó hafa haft forræði jarðarinnar á þeim tíma, en hún var þá fyrir nokkru komin í eyði.

EKKI hefur tekizt að hafa upp á eldri merkjálýsingum fyrir Staðarhraunsland. Hins vegar hefur verið lögð fram í málinu útskrift úr sóknarlýsingu Hítardalssóknar eftir sr. Þorstein Hjalmarsson í Hítardal frá árinu 1840. Segir þar, að Hítardalsvellir eigi land „ofan að Grettisbæli“. Enn fremur segir í sóknarlýsingunni m. a. á þessa leið: „Skammt fyrir ofan bælid er í henni (þ. e. Hítará) stór foss kalladur Kattarfoss“ „síðan rennur áin spottakorn í hátt vestur að bælinu og svo með því að sunnanverdu“. Þá segir í sóknarlýsingunni, að alfaravegur liggi yfir Hítará „fyrir nedan Bælistána“. Hefur Hermann Pálsson lektor gert af þessu tilefni fræðilega umsögn eða skýringar, þar sem hann telur téða sóknarlýsingu vera hina einu skjallegu heimild, sem kveði skýrar á um landamerki fyrrgreindra jarða við Hítará heldur en ráðið verði beinlínis af fyrirliggjandi landamerkjabréfum jarðanna. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að þar sem sr. Þorsteinn hafi talið Kattarfoss liggja nokkuð fyrir ofan Grettisbæli, en Velli hins vegar eiga land ofan að bælinu, þá megí ljóst vera, að fossinn hafi á þeim tíma talizt fyrir Vallalandi. Færir hann ýmis rök að því, að Grettisbæli hafi verið í landi Valla, og vitnar m. a. í Bjarnar sögu Hítðælakappa. Telur lektorinn sennilegast, að landamerkin hafi legið um Bælistána, en vill þó hins vegar ekkert um það fullyrða.

V.

Eins og áður er sagt, tilheyrðu báðar umræddar jarðir, Moldbrekka og Hítardalsvellir, áður fyrir Staðarhraunskirkju. Árið 1916 sóttu báðir þáverandi ábúendur jarðanna um kaup á þeim, og fengu meðmæli sýslunefndar, þó með þeirri ábendingu, að Kattarfoss yrði undanskilinn sölunni, án þess þó að fram væri tekið í meðmælunum, hvorri jörðinni hann tilheyrði. Keypti þáverandi Moldbrekkubóndi jörðina þetta ár og fékk fyrir henni afsal ráðherra Íslands, Einars Arnórssonar, dags. 4. nóvember 1916, er var þinglesið á næsta manntalsþingi 7. júní 1917. Af kaupum Hítardalsvallabónda varð hins vegar ekki, en árið 1923 kaupir Kolbeinsstaðahreppur jörðina með afsali 22. maí það ár, er þinglesið var á manntalsþingi 12. júní 1924. Hefur hreppurinn nytjað Vallaland ásamt Hróbjargarstöðum sem afrétt fyrir hreppsúa.

Í afsali ráðherra fyrir Moldbrekku er tekið fram berum orðum, að undanskilið sé „vatnsaflið í Kattarfossi í Hítardalsá ásamt afnotarétti lands til hagnýtingar hans“. Í afsali fyrir Hítardalsvelli er hins vegar ekkert minnzt á Kattarfoss. Byggja fyrirsvarsmenn Moldbrekku og dánarbúsins mjög á því í málinu, að afsöl þessi beri það með sér, að Kattarfoss sé fyrir landi Moldbrekku.

Með afsali, dags. 20. október 1920, seldi þáverandi eigandi Moldbrekku, Sigurbergur Sigurðsson, þeim Ólafi Eyjólfsyni stórkaupmanni og Benedikt Sveinssyni alþingismanni allan veiðirétt í Hítará fyrir Moldbrekkulandi til fullrar eignar og afnota „allt frá landamerkjum Brúarhrauns og upp í Kattarfoss, að honum meðtöldum“. Afsal þetta er þinglesið 4. janúar 1933. Hinn 15. maí 1941 selur Benedikt Sveinsson sama veiðirétt í Hítará frá neðri landamerkjum Moldbrekku og allt upp í Kattarfoss Kristjáni Einarssyni, framkvæmdastjóra í Reykjavík, en sá varnagli var sleginn af hendi seljanda, að kaupandi bjóði eigendum jarðarinnar og hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps forkaupsrétt, ef þeir kynnu að vilja neyta hans innan hæfilegs tíma. Mun Kristján sál. Einarsson hafa nytjað eða látið nytja veiðiréttindi fyrir Moldbrekkulandi nokkur undanfarin ár, áður en hann varð formlegur kaupandi að honum, eins og nú var sagt.

Ekki kom til þess, að forkaupsréttar yrði neytt, þrátt fyrir munnleg og skrifleg tilboð Kristjáns sál. Einarssonar þar að lútandi. Þá fyrst í þeim bréfaskiptum er hreyft ágreiningi um landamerki Moldbrekku og Valla (Hítardalsvalla) eða nánar

tiltekið um það, hvorri jörðinni Kattarfoss tilheyrði. Virðist þá hafa komið nokkur hreyfing á það mál, en þess er að geta, að um líkt leyti er farið að hugsa fyrir umbótum á farvegi Hítarár, til aukinnar fiskgengdar hið efra, og árið 1943 er síðan gerður samningur, þar sem hreppurinn leigir tilteknum manni veiði fyrir Vallalandi og fleiri jarða, gegn því að laxastigi verði gerður í Kattarfossi. Mun að því vikið nánar hér á eftir (VII. kafli).

VI.

Eins og gögn þau bera með sér, er nú hafa verið rakin, er hvorki getið um Mósteina né Kattarfoss í merkjalýsingunni, né heldur er þar nein ákvæði eða skýringar að finna á því, hvar merkjalínan liggur um Grettisbæli. Virðast þar geta komið til greina fleiri möguleikar. Staðhættir út af fyrir sig veita litla bendingu í þessum efnum, en þó virðist landsháttum helzt skipta um Kattarfossbrún, eins og fyrr segir.

Verður nú næst fyrir að athuga, hvernig landamerki milli jarðanna hafa verið talin, virt eða haldin, eftir skýrslum og framburðum kunnugra manna. Hafa eftirtalin vitni komið fyrir dóminn og vætti þeirra tekin gild sem staðfest væru, en hins vegar mótmælt af gagnaðiljum að efni til.

Vitnið Ásmundur Sigurjón Guðmundsson skýrir svo frá, að það hafi flest árin 1929—1939 stundað stangaveiði í Hítará „í Kattarfossi“ og „niður að Grettisbæli að vestanverðu“. Hafi það stundað þessa veiði óátalið af öllum og án þess að fá veiðileyfi, þar sem það hafi talið veiðiréttinn eign Kolbeinsstaðahrepps, enda aldrei greitt neitt fyrir veiðiréttinn. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að neinir stunduðu veiði á þessu svæði eftir 1939 og ekki á árunum 1929—1939 aðrir en Helgi bróðir þess og Benjamín Markússon. Það telur Kristján sál. Einarsson aldrei hafa átalið það fyrir veiði þessa, en heyr, að hann hafi kvartað undan henni við sýslumann. Vitnið kveðst hafa átt sæti í hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps eitt kjörtímabil, líklega árin 1950—1954. Vætti þessu er mótmælt sem röngu og vilhölle.

Vitnið Sigurður Árnason bókarí, Reykjavík, skýrði svo frá, að það hafi verið uppalíð í Kolbeinsstaðahreppi og búsett þar til ársins 1934. Hafi það aldrei heyrt neinn ágreining þar í hreppi um það, að Kattarfoss væri fyrir Moldbrekkulandi, fyrr en nú á síðustu árum og þá aðeins í sambandi við þetta mál. Vitnið er mágur Kristjáns heitins Einarssonar.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Vitnið Guðmundur Sigurður Benjamínsson kom fyrir dóminn. Vitnið er uppalíð á Hróbjargarstöðum, næsta bæ ofan við Hítardalsvelli, og var þar til 9 ára aldurs, en þá fluttust foreldrar þess að Völlum, og var það hjá þeim til 11 ára aldurs. Sjálft bjó vitnið sjálfstæðu búi á Hítardalsvöllum árið 1899—1900. Vitnið skýrir svo frá, að það hafi, er það var unglingur, aldrei heyrt talað um annað en að landamerkin milli Valla og Moldbrekku væru úr tindinum í Grettisbæli í Hítará við Mósteina undir bælinu rétt innan við vaðið, þar sem þjóðleiðin var farin í þá daga. Vitnið kveður sér hafa verið sögð nákvæmlega sömu landamerki, er hann var ábúandi á Völlum fyrrgreind ár. Hafi það aldrei heyrt á önnur landamerki minnzt, enda hafi það verið talið ótvírætt, að landspildan frá Mósteinum inn í Kattarfoss tilheyrði Vallalandi. Kveðst vitnið alltaf hafa álitnið, að Hítardalsvelli ættu hálfan Kattarfoss og niður fyrir fossinn. Hafi gamlir menn og skýrt frá því, að Mósteinar væru í framhaldi af hrygg ofan úr tindi, eins og „vötnum hallar af hryggnum“. Vitnið hefur verið í hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps þrjú kjörtímabil.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Jónsson, bóndi á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Það kveðst hafa heyrt talað um Mósteina við Hítará og enn fremur, að þeir væru á merkjum Valla og Moldbrekku. Hafi vitnið að vísu ekki haft nægan staðkunnugleik þá til þess að vita, hvar Mósteinar þessir væru. Síðar hafi kunnugir menn sagt honum, að Mósteinar væru móbergsklettar þeir, sem eru við Hítará hjá gömlu þjóðleiðinni. Vitnið tekur fram, að Mósteinar séu örnefni, og kannist það ekki við aðra Mósteina en þá, sem nú var sagt. Annars geti hér verið um tvo staði að ræða, enda segir vitnið, að móbergsteinar séu víða við Hítará, og á svæðinu frá Kattarfossi niður fyrir Bæli séu „aðrir móbergsklettar“, sem „vegna efnis og allrar gerðar gætu líka heitið Mósteinar, og eru þeir beint niður undan Bælishrygg“.

Bróðir vitnisins var oddviti í Kolbeinsstaðahreppi frá 1922—1938, og annar bróðir þess, Sveinbjörn Jónsson á Snorrastöðum, var oddviti hreppsins um árabíl.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Vitnið Teitur Bogason, bóndi á Brúarfossi, kveður sér jafnan hafa verið sögð þessi landamerki milli Hítardalsvalla og Moldbrekku: „Úr tindi á Grettisbæli, eftir því sem vötnum hallar,

í Mósteina, sem eru við vesturbakka Hítarár, skammt fyrir innan þar sem gamla þjóðleiðin lá og ferðamannavaðið var á Hítará.“ Vitnið kveðst oft hafa rætt um landamerki þessi og ýmissa annarra jarða við séra Stefán Jónsson, sóknarprest á Staðarhrauni. Enn fremur við Guðmund Benjamínsson á Grund. Kveðst vitnið alveg visst um, að séra Stefán hafi sagt, að landamerkin væru þau, sem nú var greint. Vitnið segir, að þegar Jón Jónsson bjó á Moldbrekku, en hann var næstsíðasti ábúandi þar á undan Sigurbergi Sigurðssyni, föður núverandi eiganda jarðarinnar, „hafi verið talað um að merkin væru í Mósteina þar, sem vötnum hallar í Grettisbæli“.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum.

Vitnið Jónas Ólafsson kveður Mósteina heita móbergskletta þá, sem eru utanvert við Hítará, fast við vaðið undir Bælinu. Vitnið kveðst hafa búið í Kolbeinsstaðahreppi alla ævi, en geti ekkert upplýst um landamerki Moldbrekku og Valla, og aldrei heyrt Mósteina tengda við landamerki jarðanna. Til séu og aðrir steinar ofan við ána, sem vitnið veit ekki, hvað heita.

Enn kom fyrir dóminn Guðjón Þórarinsson, bóndi í Lækjarbug í Hraunhreppi. Hann kveðst hafa átt heima í Lækjarbug um 70 ára skeið. Hafi hann ávallt heyrt talað um, að landamerki milli Hítardalsvalla og Moldbrekku „væru í Mósteina, sem eru við Hítará (vesturbakka), skammt fyrir innan þar sem gamla þjóðleiðin lá, og ferðamannavaðið var á Hítará“. Kveðst vitnið m. a. hafa heyrt Sigurð Hallbjörnsson, bónda á Brúarhrauni, segja þessi merki, og hafi þetta nokkrum sinnum borizt í tal. Enn fremur hafi það heyrt Magnús Hallbjörnsson tala um, að framangreind merki væru í Mósteina.

Vætti þessu var mótmælt sem röngu.

Þá kom fyrir dóminn Guðjón Guðmundsson, bóndi á Svarfhóli í Hraunhreppi. Vitnið viðurkennir að hafa undirritað landamerkjalýsingu Staðarhrauns frá 22. janúar 1923, og hafi það gert það einungis sem eigandi Svarfhóls og verið lýsingunni samþykkt, að því er tekur til þeirrar jarðar, en séra Stefán Jónsson muni hafa samið landamerkjalýsingu þessa. A.m.k. hafi vitnið ekki átt þátt í samningu hennar. Tekur vitnið fram, að það hafi ekki sérstaklega athugað eða skipt sér af, hvað í merkjalýsingunni segir, viðkomandi öðrum jörðum en Svarfhóli, enda hafi það ekki talið sig það neinu skipta. Vitnið tekur fram, að það hafi frá fyrstu tíð „heyrt talið, að Staðarhrauni og Moldbrekku bæri lögsaga yfir nefndum fossi“, þ. e. Kattarfossi í Hít-

ará. Vitnið kveðst hafa komið að Staðarhrauni árið 1906, þá á 13. aldursári, og verið þar í 14 ár hjá séra Stefáni Jónssyni. Kveðst vitnið hafa heyrt séra Stefán Jónsson og fleiri tala um það, að Kattarfoss væri fyrir Moldbrekkulandi. Þá skýrir vitnið svo frá, að það hafi eitt sinn verið á leið niður með Hítará ásamt Bjarna heitnum Guttormssyni, sem þá bjó á Hróbjargarstöðum og Hítardalsvöllum, og kveðst vitnið þá hafa spurt hann, hvað Vellir ættu land langt niður eftir, og hafi Bjarni þá sagt sér, að Vellir ættu land niður að Bælisdal. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær það hafi fyrst heyrt talað um, að eigendur Hítardalsvalla teldu sig eiga Kattarfoss, en telur, að það séu nokkuð mörg ár síðan, og muni það hafa verið eftir að Kolbeinsstaðahreppur eignaðist Hítardalsvelli. Vitnið tekur fram, að það þekki ekki örnefnið Mósteina við Hítará og hafi ekki heyrt þeirra getið sem merkja, enda séu mósteinsklettar víða fram með Grettisbæli.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og þýðingarlausum.

Vitnið Benjamín Markússon, bóndi í Yztu-Görðum, skýrir svo frá, að það hafi stundað veiði í Hítará allt upp í hylinn undir Kattarfossi á árunum 1930—1940. Ekki hafi vitnið beðið um leyfi hjá neinum til þessa veiðiskapar og ekki talið sér þörf á slíku, þar sem hann taldi svæði þetta tilheyra landi Hítardalsvalla, sem voru í eigu hreppsins. Vitnið tekur fram, að það kannist ekki við Mósteina sérstaklega sem merki milli Moldbrekku og Hítardalsvalla, en telur, að mörkin séu úr Bælinu niður í Hítará, þar sem vötnum hallar af Grettisbæli. Vitnið kveðst aldrei hafa hitt neinn frá Moldbrekku í þessum veiðiferðum, og hafi það þó þurft að ríða fyrir ofan tún Moldbrekku til þess að fara að ánni til veiðanna. Hafi sér aldrei verið bönnuð veiði þessi né hafi það sætt átöllum fyrir hana.

Eigandi Moldbrekku, Sigurður Sigurbergsson, hefur gefið aðilja-skýrslu fyrir dóminum. Hann kveðst halda fast við „þann aldagamla rétt, að Moldbrekka hafi átt Hítará upp að Kattarfossi og land upp að brún Egilsskarðs og svo þaðan í fossinn“. Segir hann, að Bjarni Guttormsson á Hróbjargarstöðum, sem þá bjó einnig á Hítardalsvöllum, hafi viðurkennt við sig eitthvað um eða eftir 1915, að Moldbrekka ætti ána upp að fossi, enda beðið sig um leyfi til að fá að veiða í fossinum. Mætti kveðst hafa verið 14 ára, þegar hann kom að Moldbrekku og verið þar til fertugs aldurs. Hafi menn á þeim tíma fengið leyfi hjá föður

mætta til að veiða í Hítará, og einnig man hann sérstaklega eftir því, að Jón kaupmaður Björnsson frá Bæ hafi fengið leyfi til að veiða í ánni, og hafi mætti vitað til þess, að hann veiddi undir Kattarfossi. Hafi og fleiri fengið leyfi að veiða í ánni hjá föður hans og þá stundað veiði upp að Kattarfossi. Aðspurður kveðst mætti ekki vita til þess, að Ásmundur Guðmundsson eða Benjamín Markússon hafi stundað veiði undir Kattarfossi án leyfis eigenda Moldbrekku, en bætir við, að Arthur Guðmundsson hafi veitt í Hítará með leyfi föður mætta, en um frekari veiðileyfi geti hann ekki upplýst.

Mætti lýsir því yfir, að hann vefengi ekki eignarrétt dánarbús Kristjáns Einarssonar á veiðiréttindum í Hítará.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum.

Fyrrverandi oddviti Kolbeinsstaðahrepps, Sveinbjörn Jónsson, Snorrastöðum, hefur komið fyrir dóminn. Verður framburður hans rakinn síðar, enda fjallar hann ekki um merki jarðanna eða merkjaágreining.

Kristján sál. Einarsson skýrir svo frá í bréfi til sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 9. september 1955, að hann hafi hagnýtt umrætt vatnasvæði (þ. e. upp í Kattarfoss), æ síðan hann keypti það, og ekki aðrir, svo hann viti til. Hann hafi talið sig kaupa veiðiréttinn samkvæmt „þrem ótvíræðum afsölum“, er beri með sér, að Kattarfoss sé innan marka hans. Kveður hann óhugsandi, að Vellir hafi nokkru sinni átt landnytjar neðan foss, enda sýni landabréf glögglega, að „klettar, skriður og sandar skipta algerlega öllu graslendi og landnytjum einmitt vestur frá Kattarfossi.“

Eftirtaldir menn hafa gefið vottorð í málinu, en ekki komið sjálfir fyrir dóm. Er vottorðunum öllum mótmælt sem röngum af mótaðilja hálfu, en hins vegar fallið frá staðfestingu þeirra fyrir dómi.

Kristján Guðmundsson frá Hítarnesi skýrir frá því, að þegar Jón Jónsson hafi búið á Moldbrekku, hafi vitnið spurt Guðmundson hans um, hvort Moldbrekka ætti veiðirétt í Kattarfossi, og hafi hann svarað því játandi. Hafi vitninu yfirleitt virzt sami skilningur koma fram í daglegu tali manna á meðal síðan.

Lofur Einarsson, Borgarnesi, skýrir svo frá, að þegar hann var í Krossholti í Kolbeinsstaðahreppi á árunum 1922—1928, hafi sér verið vel kunnugt um álit „allra, er það umgekkst“, að Kattarfoss væri „óumdeilanlega í Moldbrekkulandi“. Vitnið var

barn að aldri á þeim tíma, sem til er vitnað, og er vottorðinu mótmælt einnig sem þýðingarlausu.

Þórólfur Sigurðsson, Borgarnesi, skýrir svo frá, að hann hafi í ungðæmi sínu heyrt talað um, að Kattarfoss væri í Moldbrekku-landi.

Þórður Þórðarson, Reykjavík, skýrir svo frá, að hann hafi dvalizt á Staðarhrauni árin 1905—1916, þá unglingur, og hafi hann aldrei heyrt talað um Mósteina sem landamerki milli Hítardalsvalla og Moldbrekku í Kolbeinsstaðahreppi. Vitnið hefur kynnt sér vottorð Guðjóns Guðmundssonar á Svarfhóli, þar sem hann segist „frá fyrstu tíð“ hafa heyrt talið, að „Staðarhrauni og Moldbrekku bæri lögsaga yfir“ Kattarfossi. Kveðst vitnið alveg sammála því, sem í vottorði þessu kemur fram.

Magnús Halbjörnsson í Syðri-Skógum vottar, að sér hafi frá því fyrsta, er hann man eftir, verið sagt, að landamerki milli Hítardalsvalla og Moldbrekku væru í Mósteina, þar sem ferðamannavaðið var á Hítará. Kveðst hann hafa átt heima í Syðri-Skógum í 70 ár, og hafi sér jafnan verið greind þessi landamerki.

VII.

Augljóst er af vitnaframburðum þessum og vottorðum, að svo mjög ber á milli um þau atriði, sem máli skipta, að ekki verður á þann veg talin nein sönnun fram komin um staðsetningu landamerkja milli Hítardalsvalla og Moldbrekku. Þar sem hvorki merkjalýsingar né vætti kunnugra manna skera úr um þessi atriði, liggur næst fyrir að athuga, hvað ráða megi af öðrum gögnum eða staðreyndum í málinu hvað gert hafi verið eða ógert látið, sem réttaráhrif kynni að hafa.

Eins og áður er getið, voru afsalsbréfin fyrir Moldbrekku og Hítardalsvöllum, sem og afsalið fyrir veiðiréttindum Moldbrekku, öll þinglesin á venjulegan hátt, enda þótt dráttur nokkur yrði á þinglýsingu hins síðastnefnda skjals. Í skjölum þessum kom fram beint og óbeint, að Kattarfoss tilheyrði Moldbrekkulandi. Ekki er hins vegar vitað, að nokkrar athugasemdir eða mótmæli kæmu fram úr neinni átt til þinglýsingardómara í sambandi við skjöl þessi, hvorki þá né síðar, að undantekinni athugasemd frá þáverandi ábúanda Moldbrekku um atriði, sem hér skiptir ekki beint máli, en segir þó í leiðinni, að „laxveiði í Kattarfossi“ sé að hálfu „eign Moldbrekku“. Þess má geta, að við þinglýsingu skjals þessa og athugasemdar voru meðal þingvotta þáverandi oddviti Kolbeinsstaðahrepps, Magnús Jónsson, og nú-

verandi oddviti hreppsins, Gísli Þórðarson, og hafa þeir undirritað þingbókina.

Fyrir dóminn kom sem vitni Sveinbjörn Jónsson, bóndi á Snorrastöðum, en hann var oddviti Kolbeinsstaðahrepps frá 1938 til 1942 og 1950 til 1958. En bróðir hans, Magnús sál. Jónsson á Snorrastöðum, hafði verið oddviti hreppsins um langt árabil áður. Vitnið kannaðist við, að Kristján sál. Einarsson hafi boðið hreppnum forkaupsrétt að veiði þeirri fyrir Moldbrekkulandi, sem hann keypti af Benedikt heitnum Sveinssyni árið 1941. Ákveðið hefði verið, að neyta ekki forkaupsréttar, en hins vegar hefði hreppurinn mótmælt því bréflega, að veiðirétturinn næði til Kattarfoss, þar sem sá réttur tilheyrði Hítardalsvöllum og væri eign hreppsins. Samkvæmt afritum úr gerðabók Kolbeinsstaðahrepps, sem lögð hafa verið fram í dóminum, hefur hreppsnefndin skrifað sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 6. september 1939 og síðan mörgum sinnum allt fram á árið 1943 og jafnan farið þess á leit, að úrskurðuð yrðu landamerki milli Hítardalsvalla og Moldbrekku, og er greinilega fram tekið í bréfunum, að hreppurinn telji Kattarfoss tilheyra eignarjörð sinni Hítardalsvöllum. Síðasta bréfið, sem lagt var fram um þetta efni, er dagsett 14. apríl 1943. Vitnið skýrir enn fremur svo frá, að í framhaldi af bréfaskiptum þessum hafi margsinnis verið leitað eftir því við sýslumanninn, að skorið yrði úr um merki téðra jarða. Ekki hafi þó verið hafizt handa um landmerkjamál, en sýslumaður jafnan lofað að taka málið fyrir. Nokkrum árum síðar segir vitnið, að hreppsnefndin hafi lagt fyrir sig að kæra sýslumann fyrir Dómsmálaráðuneytinu vegna dráttar á málinu. Vitnið kveðst þó ekki hafa viljað gera það, en aftur á móti haft enn samband við sýslumann, sem þá hafi komið suður í Kolbeinsstaðahrepp til þess að athuga aðstæður á deiluvæðinu. Ekkert hafi þó gerzt frekar í málinu, en einhver samtöl og bréfaskriftir átt sér stað áfram næstu ár, en án árangurs.

Í bréfi Kristjáns sál. Einarssonar til oddvita, dags. 25. júní 1941, segir hann „réttast, að hreppurinn fengi landamæri þessi úrskurðuð, úr því að hann gerir ágreining um þau“. Með bréfi til sýslumanns, dags. 9. september 1955, fer hann þess á leit, að felldur verði úrskurður um „eignarheimild“ sína að vatnasvæði því, sem afsalið fyrir Moldbrekkuveiði taki til.

Að öðru leyti verður ekki séð af því, sem fyrir liggur í málinu, að leitað hafi verið til sýslumanns eða annarra opinberra

aðilja út af þessum málum, fyrr en oddviti Kolbeinsstaðahrepps skrifar sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 10. september 1960, og varð það bréf síðan upphaf landamerkjamáls þessa hér fyrir dóminum.

Snemma á árinu 1943 gerði Kristján Jóh. Kristjánsson, forstjóri í Reykjavík, samning við eigendur og umráðamenn jarðanna Staðarhrauns, Hítardals, Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla, þar sem nefndur Kristján Jóhann tekur að sér að láta gera laxastiga í Hítará við Kattarfoss og enn fremur að setja klak í ána fyrir ofan fossinn. Sem endurgjald fyrir þessar framkvæmdir afsöluðu þeir téðum Kristjáni Jóhanni öllum veiðirétti fyrir löndum jarðanna um næstu 15 ár, þó gegn nokkru eftirgjaldi síðustu 5 árin. Ekki verður séð, að forráðamenn Moldbrekku eða Moldubrekkuveiði hafi verið kvaddir til aðildar um samningsgerð þessa.

Um haustið þetta sama ár var stofnað og skrásett í Reykjavík „Fiskiræktar- og veiðifélag Efri-Hítarár h.f.“ Var tilgangur þess að gera Kattarfoss laxgangen og reka klak og veiðiskap í Efri-Hítará og Hítarvatni. Aðalforgöngumaður þessarar félagsstofnunar var fyrrnefndur Kristján Jóhann, en félagsmenn voru fimm talsins, þar á meðal Kristján sál. Einarsson, en ekki átti hann þó sæti í stjórn félagsins. Mun félagið hafa yfirtekið samning Kristjáns Jóhanns, enda lét það og setja laxastiga í fossinn, Staðarhraunsmegin, og fékk til þess nokkurn styrk af opinberu fé. Laxastigi þessi mun hafa ónýtt strax á næsta vetri, enda lítið orðið úr starfsemi félagsins upp úr því, og er það nú fyrir löngu úr sögunni.

Hinn 20. október 1956 hélt hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps fund með ábúendum Hítardals og Staðarhrauns til þess að skipta leigugjaldi eftir Hítará samkvæmt fyrrgreindum leigusamningi. Var ákveðið, að hreppurinn fengi hálfa leiguna v/Valla og Hróbjargarstaða, en Hítardalur og Staðarhraun hinn helminginn. Í fundargerðinni er bókað, að leiga þessi sé „einungis miðuð við Kattarfoss og Hítará fyrir innan foss“, hins vegar séu allir þeir, sem að leigusamningnum stóðu, sammála um, að hann hafi aldrei átt að taka til árinna fyrir neðan Kattarfoss. Ekki voru fyrirsvarsmenn Moldbrekku né veiðiréttar fyrir því landi kvaddir á fund þenna, og ekki er vitað til, að þeir hafi gert kröfu til hlutdeildar í leigugjaldinu þá eða síðar.

VIII.

Málshefjandi, hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps, rökstyður kröfur sínar með því fyrst og fremst, að landamerkja- og sóknarlýsingar beri það með sér, að landamerki jarðanna hljóti að vera neðan Kattarfoss, og eftir staðháttum og allri aðstöðu komi ekki önnur merki til greina en vatnaskil Grettisbælis niður í Mósteina. Komi þetta og heim við sögulegar heimildir. Auk þess liggi fyrir þinglesin yfirlýsing sr. Stefáns Jónssonar um merki á þessum slóðum, en hann hafi verið umráðamaður jarðanna og allra manna kunnugastur um þau efni. Vitnaleiðslur sýni og, að landamerki hafi verið virt og haldin niður Grettisbæli um Mósteina við ferðamannavaðið á Hítará. Vitni þau, sem öðru haldi fram, séu veigalítil og ekki á þeim að byggja. Veði hafi og verið stunduð á þessu veiðisvæði á vegum Vallamanna og í skjóli hreppsnefndar, og hafi það engum andmælum sætt. Hins vegar hafi hvorki Moldbrekkumenn né heldur eigendur Moldbrekkuveiði nytjað veiði á þessu svæði né í Kattarfossi. Málshefjandi telur orðalag afsalsbréfsins fyrir Moldbrekku á árinu 1916 byggt á misskilningi eða vangá og veiti ekki eignarheimild fyrir fossinum. Kaupendur hafi auk þess sýnt það í reynd, að þeir lögðu ekkert upp úr því. Þegar Efri-Hítará var leigð árið 1943, og ákveðið var að gera Kattarfoss laxengan, var hvorki leitað til eigenda Moldbrekku, né heldur létu þeir sig það nokkru skipta. Hins vegar hafi rétthafi Moldbrekkuveiði, Kristján sál. Einarsson, verið einn af aðalmönnum þessara framkvæmda og gerzt aðili að samningi við forráðamenn Hítardalsvalla um breytingar á fossinum og þar með viðurkennt, að hann væri ekki innan þess veiðisvæðis, sem afsal veiðiréttarins frá 1920 tók til. Að sjálf-sögðu hafi eigandi Moldbrekku fylgt með þessum málum, en engum athugasemdum hreyft, og þannig viðurkennt, að Kattarfoss væri ekki fyrir landi Moldbrekku. Væri því fjarstæða að tala um landamerki við Kattarfossbrún. Af þessum ástæðum kæmi heldur ekki til greina nein hefð dánarbúinu til handa á þeim staðarmörkum veiðiréttarins. Þá mótmælir málshefjandi, að hann hafi firrt sig nokkrum rétti fyrir aðgerðaleysi. Ekki hafi gefizt neitt sérstakt tilefni fyrir hann að fara í landamerkjámál, þar sem ekkert lá fyrir um, að Moldbrekkumenn eða rétthafar Moldbrekkuveiði gerðu yfirleitt kröfu, beint eða óbeint, til landnytja eða veiði á þeim slóðum, sem nú er deilt um. Hins vegar hafi málshefjandi gert allar eðlilegar og löglegar ráðstafanir að þessu leyti, eftir að ágreiningur var kom-

inn upp. Sé það fyrir honum óviðráðanlegar ástæður, að ekki hefur fengist skorið úr ágreiningi þessum fyrr en nú.

Fyrirsvarsmenn Moldbrekku og dánarbús Kristjáns Einarssonar telja sig munu geta gert ýtrari landamerkjakröfur heldur en í Kattarfossbrún, þar sem eystri fjallsrani Grettisbælis stefni í Hítará alllangt ofan við fossinn, og sé þar m. a. gömul varða, sem hlaðin muni hafa verið sem merkjavarða. Hins vegar hafi þeir þó ekki viljað ganga lengra í kröfum sínum en svo, að öruggt væri um framgang. Þeir telja landamerki þessi koma bezt heim við merkjalýsingar, staðhætti sem og vætti hinna kunnugustu manna. Þeir vefengja skýringar málshefjanda á sóknarlýsingunni 1840 og merkjabréfi Staðarhrauns, enda sé það ekki undirritað af fyrirsvarsmanni Moldbrekku og tortryggilegt á margan veg. Þeir leggja sérstaka áherzlu á afsalsbréf ráðherra fyrir Moldbrekkulandi 1916, þar sem fram komi, að Kattarfoss tilheyri Moldbrekkulandi. Sýni þetta, að svo hafi verið talið af kunnugum mönnum á þeim tíma, en jafnvel þótt hér hefði verið um ný landamerki að ræða, þar ráðherra fullt vald til slíkrar ráðstöfunar, og verði þar engu um þokað. Auk þess hafi eigandi Moldbrekku sem og rétthafi Moldbrekkuveiði verið í fullkomlega góðri trú, og þar sem enginn hafi hreyft andmælum eða athugasemdum, hvorki við þinglestur eða síðar, verði réttur þeirra ekki vefengdur úr þessu. Þeir telja kærumál hreppsnefndar mörgum áratugum síðar enga þýðingu hafa í þessu sambandi. Jafnframt heldur dánarbúið því fram, að það hafi, eða fyrirrennari þess, frá upphafi og jafnan hagnýtt veiði í Hítará allt upp að Kattarfossi átölulaust af öðrum, og væri þannig orðið um fullkomna hefð að ræða á veiðimörkum þessum dánarbúinu til handa. Það telur fráleitt, að Kristján sál. Einarsson hafi firrt sig nokkrum rétti, þótt hann hafi tekið þátt í aðgerðum til þess að auka laxgengd á veiðisvæði sínu, enda væri í umræddum leigusamningi Valla (o. fl. jarða) hvergi gengið út frá, að landamerkin væru fyrir neðan foss. Í því sambandi er bent á af dánarbúsins hálfu, að við uppskiptin á leigugjaldinu hafi hreppsnefndin bókað, að samningurinn hafi aðeins tekið til veiði í og ofan Kattarfoss, enda þótt þar væri beint fram tekið, að hann næði til veiði fyrir öllu Vallalandi. Væri þar með algerlega kippt fótum undan kröfunni um merki niður við Mósteina og kröfugerð málshefjanda þegar af þessari ástæðu fallin um sjálfa sig.

IX.

Eins og að framan er rakið, skera merkjabréf jarðanna ekki úr um landamerki þeirra á millum að öðru leyti en því, að merki liggi um Grettisbæli, sem út af fyrir sig getur samrýmzt kröfum beggja aðilja. Ekki þykir fært að byggja í þessu máli á landamerkjabréfi Staðarhrauns, eins og því bréfi er háttað, né heldur sóknarlýsingunni frá 1840, enda greina þau skjöl ekki landamerki Moldbrekku og Valla að öðru leyti en því, að gengið virðist út frá, að Kattarfoss hafi verið fyrir Vallalandi. Staðhættir gætu með nokkrum hætti bent til þess, að merkin lægju um eystri fjallsrana Grettisbælis og hraunbrúnina við Kattarfoss, þótt ekki verði heldur á því byggt í málinu. Vitnaleiðslur hafa, eins og áður segir, ekki leitt til neinnar ákveðinnar niðurstöðu, enda gætir þar mikils ósamræmis. Verður því að leita úrlausnar eftir öðrum leiðum.

Í afsali ráðherra Íslands fyrir Moldbrekku frá 1916, sem og óbeint í afsali hans fyrir Hítardalsvöllum frá 1923, kemur fram ótvírætt, að Kattarfoss sé fyrir landi Moldbrekku og landamærin þar með um Kattarfoss eða ofar. Í afsali fyrir veiðiréttindum Moldbrekku frá 1920 er og beint tekið fram, að jörðin eigi land upp á Kattarfossbrún, og sama er ítrekað í þinglesinni athugasemd frá 1933. Ekki er í ljós leitt, að afsölin hafi verið röng að þessu leyti eða byggð á röngum forsendum, enda liggur og ekkert fyrir um það, að eigendur Moldbrekku eða Moldbrekkuveiði hafi ekki verið í góðri trú, er þeir tóku við afsölum þessum. Var og engum athugasemdum hreyft eða mótmælum við þinglestur þessara skjala. Hefðu fyrirsvarsmenn Hítardalsvalla þó haft alveg sérstakt tilefni til slíks, ef þeir hefðu talið hallað réttu máli í sambandi við þinglestur veiðiréttarins 1933 eða í framhaldi af honum. Að vísu leituðu þeir til sýslumanns um fyrirtöku landamerkjamáls, en þó ekki fyrr en allöngu síðar, eða rúmum 22 árum eftir að afsalið fyrir Moldbrekku var þinglesið, og þegar þær tilraunir báru ekki árangur, virðist málið enn hafa fallið niður um langt árabil, eða allt fram til 10. september 1960, er loks var gerður reki að landamerkjamáli því, sem hér er til meðferðar fyrir dóminum, en þá eru liðin 44 ár, síðan gert var afsal það fyrir Moldbrekku, sem hér um ræðir.

Samkvæmt þessu verður dómurinn að líta svo á, að umrædd afsöl beri að leggja til grundvallar, þar sem hvorki er sannað, að þau hafi verið röng, né heldur hafa þau verið vefengd innan sennilegs tíma. Ekki verður heldur talið nægilega í ljós leitt,

að fyrirvarsmenn Moldbrekku hafi firrt sig neinum rétti, hvað landamerki snertir, þótt þeir hafi látið afskiptalaust, að tilraun væri gerð til þess að gera Kattarfoss laxgengan, og eftir atvikum heldur ekki Kristján sál. Einarsson, þó hann hafi að einhverju leyti gerzt aðili að þeim samningum, enda greina þeir út af fyrir sig ekkert um merki jarðanna og breyta engu um þau efni.

Eftir þessu ber að miða landamerki jarðanna við Kattarfossbrún, enda eru ekki gerðar kröfur um merki ofar með ánni. Hins vegar er enginn ágreiningur um merkin til fjalls, allt suður á hátind Grettisbælis, sem einnig er óumdeildur. Verður merkjalínan þá eftir sjónhending úr tindinum niður í Kattarfossbrún, eins og áður segir.

Rétt þykir, að kostnað við dóminn greiði aðiljar eftir þessum hlutföllum: Kolbeinsstaðahreppur $\frac{1}{2}$, en eigandi Moldbrekku og dánarbúið $\frac{1}{4}$ hvort. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Upp í kostnað og talsmannslaun vegna Kolbeinsstaðahrepps greiðast úr ríkissjóði kr. 12.000.00 og á sama hátt vegna Sigurðar Sigurbergssonar kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Landamerki Hítardalsvalla og Moldbrekku í Kolbeinsstaðahreppi skulu vera úr hátindi Grettisbælis sjónhending í Hítará um Kattarfossbrún.

Kostnað við dóminn greiða aðiljar þannig: Kolbeinsstaðahreppur kr. 8.358.50, Sigurður Sigurbergsson kr. 4.179.25 og dánarbú Kristjáns Einarssonar kr. 4.179.25. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Upp í kostnað og talsmannslaun greiðist úr ríkissjóði Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni vegna Kolbeinsstaðahrepps kr. 12.000.00 og á sama hátt Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni vegna Sigurðar Sigurbergssonar kr. 6.000.00.
